



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 14. nóvember 2012.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um legslímuflakk (endómetríósu), 22. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 26. október sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um legslímuflakk (endómetríósu), 22. mál á 141. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar var hún einnig flutt á 138. og 139. löggjafarþingi en var ekki afgreidd. Í greinargerð er fullyrt að allnokkur hópur kvenna sé með legslímuflakk einhvern tímann á frjósemisskeiði og glími þar af leiðandi við afleiðingar þess.

Í tillögunni felst að velferðarráðherra verði falið að beita sér fyrir fræðslu um legslímuflakk (endómetríósu) og skoða möguleika á stofnun göngudeildar fyrir konur með legslímuflakk.

LÍ telur það af hinu góða að auka fræðslu um legslímuflakk en telur þó að ganga verði út frá því að heilbrigðiskerfið sinni nú þegar fræðslu um þessi mál. Vafalaust má skerpa á þeim þætti málsins, hugsanlega með bættum klínískum leiðbeiningum og verklagsreglum. Varðandi stofnun sérstakrar göngudeildar fyrir konur með legslímuflakk þá gerir LÍ fyrirvara við þann hluta tillögunnar. Þegar er starfandi göngudeild á kvennasviði Landspítala og eðlilegt að ætla að sú göngudeild sinni þessum hópi kvenna sem öðrum. Vera kann að skoða þurfi betur og þá endurskoða starfsemi þeirrar göngudeildar til að tryggja að konum með legslímuflakk verði enn betur sinnt.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.